

# ÚTSKRIFT ÚR FUNDAGERÐABÓK

## SVEITARSTJÓRNAR HÚNAÞINGS VESTRA

Árið 2010 fimmtudaginn 21. janúar kom sveitarstjórn Húnaþings vestra saman til **164. fundar** í Ráðhúsi Húnaþings vestra kl. 09:30. Oddviti setti fund. Mætt undirrituð.

Gengið var til dagskrár.

1. Fundargerðir byggðarráðs. Formaður kynnti.
  - a) Fundargerð 629. fundar 21. des 2009. Fundargerð í 6 liðum. Fundargerðin samþykkt með 7 atkvæðum.
  - b) Fundargerð 630. fundar 11. janúar 2010. Fundargerð í 5 liðum. Oddviti gerði tillögu um að afgreiðslu 3. liðar fundargerðarinnar verði frestað. Fundargerðin ásamt þeirri tillögu samþykkt með 7 atkvæðum.
  - c) Fundargerð 631. fundar 18. janúar. Fundargerð í 6 liðum. Lögð var fram svohljóðandi tillaga vegna 1. liðar. „Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir framlagðar breytingar á gjaldskrá Hitaveitu Húnaþings vestra.“ Borinn undir atkvæði 1. liður fundargerðarinnar ásamt framangreindri tillögu og samþykkt með 7 atkvæðum. Lögð var fram svohljóðandi tillaga vegna 2. liðar. „Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir skipan nefndarinnar og að óska tilnefninga til setu í henni frá eftirtöldum aðilum:

Fulltrúi:

- skólastofnana
  - skipulags- og umhverfisráðs
  - nefndar um umhverfisviðurkenningar
  - Fegrunarfélags
  - landbúnaðarráðs
  - Ferðamálafélags
  - Skógræktarfélags V-Hún.
  - Búnaðarsambandi Húnaþings og Stranda
  - Verslunarminjasafnsins á Hvammstanga
- Umhverfisstjóri verði starfsmaður nefndarinnar.

Borinn undir atkvæði 2. liður fundargerðarinnar ásamt framangreindri tillögu og samþykkt með 6 atkvæðum. Aðrir liðir fundargerðarinnar samþykktir með 7 atkvæðum.

2. Fundargerð 101. fundar félagsmálaráðs 20. janúar. Fundargerð í 6 liðum. Oddviti kynnti. Fundargerðin samþykkt með 7 atkvæðum.
3. Fundargerð 109 fundar fræðsluráðs 13. janúar. Fundargerð í 2 liðum. Oddviti kynnti. Fundargerðin samþykkt með 7 atkvæðum.

4. Fundargerðir skipulags- og umhverfisráðs. Oddviti kynnti.

a) Fundargerð 171. fundar 7. janúar. Fundargerð í 5 liðum. Lögð var fram svohljóðandi tillaga vegna 2. liðar: „Sveitarstjórn samþykkir að grenndarkynning fari fram en ráðið taki erindið til afgreiðslu að grenndarkynningu lokinni.“ Borinn undir atkvæði 2. liður fundargerðarinnar ásamt framangreindri tillögu og samþykkt með 7 atkvæðum. Lögð var fram svohljóðandi bókun vegna 2. liðar. „Ég undirritaður vil benda skipulags- og umhverfisráði á að óheimilt er að samþykkja grenndarkynningu áður en hún fer fram. Eins og fram kemur í gögnum grenndarkynningar.“ Oddur Sigurðarson. Aðrir liðir fundargerðarinnar samþykktir með 7 atkvæðum.

b) Fundargerð 172. fundar 12. janúar. Fundargerð 1 liður. Lögð var fram svohljóðandi tillaga vegna liðar 1a: „Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir að auglýsa og kynna breytingu á Aðalskipulagi Húnaþings vestra 2002-2014 fyrir tiltekinn hluta jarðarinnar Geitafells úr landbúnaðarnotkun í verslunar- og þjónustusvæði sbr. 21. gr. skipulags- og byggingarlaga.“ Borinn undir atkvæði liður 1.a í fundargerðinni ásamt framangreindri tillögu og samþykkt með 7 atkvæðum. Lögð var fram svohljóðandi tillaga vegna liðar 1b: „Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir að tillaga að deiliskipulagi í landi Geitafells dags. 8. desember 2009 ásamt skýringarupprætti dags. 22. desember 2009 verði auglýst og kynnt samhliða tillögu um breytingu aðalskipulags sbr. ofangreint.“ Borinn undir atkvæði liður 1b í fundargerðinni ásamt framangreindri tillögu og samþykkt með 7 atkvæðum.

5. Fjárhagsáætlun 2011,2012 og 2013 fyrir sveitarsjóð Húnaþings vestra og fyrirtæki. Fyrri umræða. Sveitarstjóri og skrifstofustjóri lögðu fram og kynntu áætlunina. Að loknum umræðum var lögð fram svohljóðandi tillaga: Fjárhagsáætlun 2011,2012 og 2013 fyrir sveitarsjóð Húnaþings vestra og fyrirtæki. Fyrri umræða. Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir að vísa áætluninni til síðari umræðu í sveitarstjórn.

Fleira ekki fyrir tekið. Fundi slitið kl. 12.20.

Elín R.Líndal(sign.),

Skúli Þórðarson(sign.),

Rakel Runólfsdóttir(sign.),

Stefán Böðvarsson(sign.),

Ólafur B. Óskarsson fundarritari(sign.),

Guðný Helga Björnsdóttir(sign.),

Heimir Ágústsson(sign.),

Oddur Sigurðarson(sign.).